



## Skipulags -og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.108 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 10.febrúar 2015 klukkan 15:00.

Mættir eru nefndarmenn: Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Páll Jónsson, Krisbjörg Hilmarsdóttir, Gísli Kjartansson varamaður og Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags –og byggingarmála.

### Dagskrá:

#### Skipulagsmál:

##### 1. Eldhraun – óveruleg breyting á deiliskipulagi

Lagt er fyrir nefndina tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi áningarstaðar í Eldhrauni í samræmi við uppdrátt unninn af Landmótun.

***Samþykkt. Nefndin mælist til þess að tillaga að breytingum á deiliskipulagi áningarstaðar í Eldhrauni fái meðferð í samr. við 43.gr.skipulagslaga nr.123/2010.***

##### 2. Umsögn vegna Landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Í tillögunni er sett fram stefna um skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Lagt er fyrir nefndina sameiginleg umsögn sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings Ytra vegna Landsskipulagsstefnu unnin af nefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis

***Skipulagsnefnd samþykkir að sveitarfélögin Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur sendi inn sameiginlega umsögn. Starfshópur sveitarfélagana um svæðisskipulag hefur nú þegar unnið drög að umsögn um tillögunu. Skipulagsnefnd samþykkir þau drög.***

##### 3. Svæðisskipulag Suðrhálendis

Nefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis hittist á sínum fyrsta fundi nú 3.febrúar síðastliðinn. Farið yfir helstu umræður nefndarinnar.

***Kristbjörg óskar bókungar: Athuga þarf hvort ákvörðun um svæðisskipulagsnefnd hafi farið fram með lögformlegum hætti og skipun í hana samkv.9.gr. skipulagslaga nr.123/2010.***

***„9. gr. Svæðisskipulagsnefndir.***

***Sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skulu koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna að tillögu að svæðisskipulagi. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi [og jafnmörgum til vara]<sup>1)</sup> nema hlutaðeigandi sveitarfélög ákveði annað.“***

***Nefndin tekur undir bókung Kristbjargar. Er því vísað til sveitarstjórnar að skipa tvo fulltrúa frá sveitarfélaginu og tvo til vara við sameiginlega svæðisskipulagsnefnd Skaftárhrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings Ytra í samræmi við 9.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Fulltrúi skipulags –og byggingarmála verði ekki einn af skipuðum fulltrúum heldur sitji í nefndinni sem starfsmaður sveitarfélagsins.***

*H*  
*J.G.*

#### 4. Aðalskipulag Skaftárhrepps

Lagt er fyrir nefndina tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps. Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri þar sem svæði V-3, S-6, S-7 er breytt í miðsvæði, og hluti ÍB-4 þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu og möguleiki á íbúðum. Annar hluti ÍB-4 verður landbúnaðarsvæði eins og það var skilgreint í eldra skipulagi. Reitur fyrir þjónustustofnunnar (S-11) er færður til og stækkaður þar sem gert er ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri. Reitur Ú-2 opið svæði til sérstakra nota breytist til samræmis við það og svæði V-4 verslunar og þjónustusvæði verður tekið út. Iðnaðarsvæði I-2 sem áður var sorpokustöð verður fellt niður. Reitur fyrir þjónustustofnun S-9 verður breytt í iðnaðarsvæði fyrir gámavöll. Nýtt svæði Ú-11 fyrir íþróttavöll í tengslum við núverandi íþróttahús og sundlaug. Svæði Ú-4 sem er tjaldsvæði stækkar.

*Nefndin vísar málinu til frekari vinnslu. Tekið til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.*

#### 5. Stofnun lóðar Holt / Herjólfsstaðir

*Jóhannes Gissurason vikur af fundi.*

Sótt er um leyfi fyrir stofnun lóðar úr óskiptu landi ríkisjarðanna Holts og Herjólfsstaða samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Á viðkomandi lóð er áætluð bygging aðstöðuhúss björgunarsveitarinnar Lífgjafar. Óskað var umsagnar fjármála- og efnahagsráðuneytis sem tekur jákvætt í stofnun viðkomandi lóðar.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

*Jóhannes mætir aftur til fundar*

#### Byggingarmál:

#### 6. Systrakaffi – Breytingar innandyra / viðbygging / Sólskáli

Guðmundur Vignir Steinsson og Auður Eypórsdóttir sækja um leyfi fyrir breytingum innandyra, viðbyggingar og uppsetningar sólskála að Klausturvegi 13, Systrakaffi samkv. meðfylgjandi umsókn.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

#### 7. Skerjavellir 8 – Stækkun / breytt notkun bílskúrs

Bær hf. kt. 481074-0539 Sækir um leyfi fyrir breytingu á bílskúr Skerjavöllum 8 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

#### 8. Sandhóll – Gripahús byggingarleyfi

Sótt er um leyfi fyrir byggingu nautgripahúss fyrir 240 nautgripi á einni hæð með haughúsi á jörðinni Sandhól 163431 í Skaftárhreppi.

*Byggingaráform eru samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

*A  
J.G.*

**9. Aðgengismál í Skaftárhreppi**

Á 106 fundi skipulags –og byggingarnefndar þann 11.nóvember 2014 lagði nefndin í hendur fulltrúa skipulags –og byggingarmála að gera úttekt á aðgengismálum og gera áætlun um úrbætur fyrir fyrsta fund nefndarinnar á árinu 2015.

*Þar sem viðkomandi úttekt liggur ekki fyrir fundinum ítrekar nefndin mikilvægi þess að slík áætlun verði unnin fyrir svæðið . Er fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að framkvæma hana hið fyrsta eða að öðrum kosti úthýsa henni til aðila sem tekur slíkar úttektir að sér.*

*Ekki fleira gert.*

*Fundi slitið kl. 16:50*

A  
J.G.

